

**Sp.**

**171. Tillaga til þingsályktunar**

[118. mál]

um eflingu iðnrekstrar.

Flm.: Einar Ágústsson, Stefán Valgeirsson, Halldór E. Sigurðsson,  
Kristján Thorlacius, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

1. Að leggja fyrir rannsóknaráð ríkisins að taka til rækilegrar athugunar og rannsóknar í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, hvaða iðngreinar geta hérlandis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll en hliðstæðar iðngreinar hafa í nágrennalöndum Íslands. Jafnframt verði kannað, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar og tiltækar til þess að búa sem allra flestar iðngreinar þannig í stakk, að þær geti nætt samkeppni frá öðrum þjóðum. Áliti verði skilað sem fyrst og það birt almenningi, svo að orðið geti m. a. til leiðbeiningar þeim, sem vilja hefja nýjan iðnrekstur.
2. Að sérstök lánaþyrirgreiðsla verði veitt þeim iðnfyrirtækjum, sem keppa við erlend fyrirtæki, sem bjóða greiðslufresti, og komið á sérstöku útflutningslánakerfi.
3. Að rekstrarlán til iðnaðar verði veitt með hliðstæðum hætti og til annarra atvinnugreina.
4. Að felldur verði niður innflutningur iðnaðarvara á þeim sviðum, þar sem vörur til sömu notkunar eru framleiddar hér á landi með atvinnulega hagkvæmum árangri, og íslensk fyrirtæki látin annast þau verk, sem þau eru fær um að annast þannig, að talizt geti þjóðhagslega hagkvæmt.
5. Að tryggja, að smíði fiskiskipa og flutningaskipa verði haldið áfram og aukin í landinu, og jafnframt verði hafin smíði fiskibáta á vegum ríkisins með það fyrir augum að endurnýja og efla þann hluta fiskiflotans, sem einkum aflar hráefnis til vinnslu í hraðfrystihúsum.

**Greinargerð.**

Íslendingar hljóta eins og aðrar þjóðir að stefna að því að auka fjölbreytni atvinnuvega sinna. Því fremur gildir þetta hér á landi en víðast hvar annars staðar, að atvinnuvegir okkar hafa frá upphafi vega verið einhæfir, og útflutningsframleiðslan hefur verið og er enn að yfirgnæfandi meiri hluta einskorðuð við sjávarafurðir.

Litlar líkur eru á því, að landbúnaður og sjávarútvegur geti tryggt þjóðinni næga atvinnu og góða afkomu á komandi árum, þótt þeir hafi vissulega mikil vaxtar-skilyrði og sjálfsagt sé að efla þá með öllum tiltækum ráðum. Með þeim verður þó ekki allur vandinn leystur, stóraukinn iðnaður þarf einnig til að koma, ef vel á að ganga, enda beinist nú athyglin að þeim atvinnuvegi í vaxandi mæli.

Löngum hefur verið um það rætt, að eðlilegt sé, að Íslendingar stundi framleiðslu iðnvöru úr innlendum hráefnum, og vist er um það, að þar þarf að herða róðurinn kappsamlega. Þó má ekki einskorða sig við þetta, heldur taka fullt tillit til þess líka, hvað hagfelldast er til vinnslu og öruggastur grundvöllur er fyrir, að því er tekur til öflunar hráefnis og sölu framleiðslunnar.

Frá ýmsum nágrannaþjóðum okkar liggja fyrir upplýsingar um það, að mikill hluti af útflutningi þeirra er unninn úr innfluttum hráefnum þar. Ýmiss konar iðnaður ætti að geta haft svipaða aðstöðu hér á landi og sams konar framleiðsla í nágrennalöndunum, þótt líklegt megi telja, að framleiðsla úr innlendum hráefnum verði okkur hagfelldust.

Þrátt fyrir örðugar aðstæður hefur risið upp talsverður iðnaður á Íslandi á síðari áratugum, þótt stöðnun hafi verið í flestum greinum hans á allra síðustu

árum. Þessu valda aðallega tvær ástæður, takmarkað fjármagn og hóflaus innflutningur erlendra iðnaðarvara. Íslenski markaðurinn er svo lítill, að á mörgum sviðum er ekki starfsgrundvöllur nema fyrir eitt vel rekið fyrirtæki, og sýnir þetta m. a., hversu háskaleg áhrif ótakmarkaður innflutningur iðnaðarvarnings getur haft á þróun innlends iðnaðar. Þá er alþekktur sá fjármagnsskortur, sem þjakað hefur íslensk iðnaðarfyrirtæki og leitt hefur til þess, að nú hafa mörg þeirra orðið að draga reksturinn saman og segja upp starfsfólki, en önnur hafa þegar lagt niður alla starfsemi.

Margir hafa orðið til þess á undanförunum árum að lýsa stuðningi sínum við eflingu íslensks iðnaðar, en mikið vantar á, að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar í því efni. Þvert á móti hefur meiri hluti Alþingis allt of oft snúizt öndverður við þeim tillögum, sem bornar hafa verið fram um þessi mál. Flutningsmenn þessarar tillögu vilja enn freista þess að fá Alþingi til að lýsa þeim eindregna vilja sínum, að málefni þessarar þýðingarmiklu atvinnugreinar verði skoðuð í heild og leiðir fundnar til úrbóta. Því er tillagan flutt.

Fyrsti liður tillögunnar fjallar um athugun og rannsókn þess, hvaða iðngreinar geta hérlendis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll en hliðstæðar iðngreinar hafa í nágrannalöndum Íslands. Slíka athugun hefði vitanlega þurft að gera fyrir löngu og niðurstöður hennar hafðar að leiðarljósi um það, hvaða greinar iðnaðar hér ætti að leggja áherzlu á. Mundi margt vera hér á annan og betri veg, ef á þetta ráð hefði verið brugðið. En sérstaklega brýn er slík athugun þó nú, eftir að ríkisstjórnin hefur lagt fram umsókn um inngöngu í Fríverzlunarbandalag Evrópu. Er raunar vandséð, hvernig fulltrúar Íslands við þá samningagerð eiga að halda á málum, meðan fullkomin óvissa ríkir um það, hvernig Íslendingar ætla að koma þessum málum fyrir. Hlýtur það að teljast vitaverð meðferð EFTA-málsins að nota ekki tímann betur en gert var, en í skýrslu EFTA-nefndarinnar svonefndu segir svo um þetta atriði: „Slík rannsókn á málefnum iðnaðarins og einstökum greinum hans, sem legið gæti til grundvallar mótnunar alhliða stefnu í iðnaðarmálum, er megin verkefni, sem bíður úrlausnar.“

Um þessi fráleitun vinnubrögð þýðir vitanlega ekki lengur að sakast, heldur verður tafarlaust að hefja umrædda rannsókn og hraða henni svo sem framast er unnt. Framtíðarlífsskilyrði þjóðarinnar í landinu eru undir því komin, að vel takist til um þessi efni.

Jafnframt þessu verði kannað, hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar og tiltækar til þess að húa sem allra flestar iðngreinar þannig í stakk, að þær geti mætt samkeppni frá öðrum þjóðum, og er þá átt við þær iðngreinar, sem þegar eru á fót komnar.

Þessa athugun alla viljum við fela rannsóknaráði ríkisins í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, og álitid skal birt almenningsi, svo að orðið geti m. a. til leiðbeiningar þeim, sem hefja vilja nýjan atvinnurekstur.

Annar töluliður tillögunnar fjallar um sérstaka lánaþyrirgreiðslu til þeirra iðnfyrirtækja, sem keppa við erlend fyrirtæki, sem bjóða greiðslufresti, og að komið verði upp sérstöku útflutningslánakerfi, og teljum við flutningsmenn slíkar ráðstafanir nauðsynlegan lið í þeirri uppbyggingu iðnaðar, sem tillagan stefnir að.

Þriðji töluliðurinn er um það, að rekstrarlán til iðnaðarins verði veitt með hliðstæðum hætti og til annarra atvinnugreina, en þrátt fyrir samþykktir Alþingis þar að lútandi hefur enn ekki tekizt að koma málum þann veg fyrir, að iðnaðurinn njóti jafnréttis.

Í fjórða lið er vikið að því, að felldur verði niður innflutningur iðnaðarvara á þeim sviðum, þar sem vörur til sömu notkunar eru framleiddar hér á landi með atvinnulega hagkvæmum árangri. Það er skoðun flutningsmanna, að íslenskur iðnaður þurfi að þróast stöðugt ár frá ári, en allt of mikil brögð hafa verið að því hér, að breytingar í iðnaði hafa gerzt í stórum stökkum. Stundum hafa komið góðir sprettir, ný fyrirtæki hafa risið upp, nýjar vélar keyptar, hús reist o. s. frv. Nokkru

síðar hefur svo innfluttur iðnvarningur, stundum niðurgreiddur í heimalandinu, flætt inn í landið og kippt fótunum undan íslenskum fyrirtækjum í viðkomandi framleiðslugrein. Afleiðingin er sú, að fyrirtækin loka, vélarnar grotna niður og starfsfólkið týnir niður því, sem það var húið að læra í iðn sinni.

Næst þegar allur gjaldeyrir er uppétinn, ráðamönnum hugkvæmist á ný, að hægt sé að framleiða vöruna innanlands, og málshættir eins og „hollur er heimafenginn baggi“, „sjálfs er höndin hollust“ o. s. frv., verða vinsælir á ný, þarf að byrja frá grunni með nýjum, vélum og óvönum mannskap, vegna þess að gömlu vélarnar eru ónýtar og fólkið húið að gleyma. Svona happa- og glappaaðferð verður að leggja til hliðar, en snúa sér í staðinn að því að koma hér upp stöðugum iðnrekstri með þjálfuðu starfsliði. Árangurinn mun skjótt koma í ljós í bættum framleiðsluvörum, því að íslenskt iðnaðarfolk hefur margsinnis sýnt í verki, að það stendur jafnfætis því, sem annars staðar gerist, ef aðstaða þess er sambærileg. En samfelld þróun iðnaðarins má ekki vera háð duttlungum erlendra framleiðenda, sem hvenær sem er geta að öllu óbreyttu kaffært allt íslenskt framtak í þessu efni.

Alveg á sama hátt er að okkar dómi sjálfsagt að láta íslensk fyrirtæki annast þau verk, sem þau eru fær um að sjá um þannig, að talizt geti þjóðhagslega hagkvæmt, og fjallar síðari hluti 4. liðar tillögunnar um það.

Síðasti liður tillögunnar er um það, að smíði fiskiskipa og flutningaskipa verði haldið áfram og aukin í landinu og jafnframt verði hafin smíði fiskibáta á vegum ríkisins með það fyrir augum að endurnýja og efla þann hluta fiskiflotans, sem einkum aflar hráefnis til vinnslu í hraðfrystihúsum. Er þar vikið að iðnaði, sem ótvírætt hefur sýnt að hagkvæmt er að leggja stund á. Þörf þjóðarinnar fyrir skipin minnkar ekki, og gífurlegar fjárhæðir hafa á umliðnum árum verið fluttar úr landi, vegna þess að ekki hefur verið hirt um að fela íslenskum skipasmiðum þessi verkefni.

Margt fleira kemur til greina til eflingar iðnrekstri en þeir 5 liðir, sem í tillögunni eru nefndir, en flutningsmenn telja, að mjög mundi skipta um til hins betra, þótt ekki væri meira að gert en hér hefur verið drepið á.